

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um hugbúnaðarkerfið Innu.

Frá Smára McCarthy.

1. Hver er formlegur eigandi höfundarréttar að hugbúnaðarkerfinu Innu?
2. Hver er heildareignarhaldskostnaður ríkisins af hugbúnaðarkerfinu Innu, sundurliðað eftir upprunalegum þróunarkostnaði, viðhaldskostnaði og kostnaði við útvíkkun á eiginleikum?
3. Hvers vegna hefur kóðinn að hugbúnaðinum ekki verið gefinn út opinberlega, í samræmi við stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað?
4. Er auðkenningarkerfi notað til að stýra aðgangi að hugbúnaðinum og ef svo er, hvert er það kerfi?

Skriflegt svar óskast.